



## Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 75. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn á fjarfundi,  
7. janúar 2020, kl. 10:00.**

### Fundinn sátu:

Friðrik Jónas Friðriksson varaformaður svæðisráðs, Hjördís Skírnisdóttir fulltrúi sveitafélags, Laufey Guðmundsdóttir fulltrúi útivistarfélaga, Matthildur Ásmundardóttir formaður svæðisráðs, Sigríður Arna Arnþórsdóttir fulltrúi útivistarfélaga, Snævarr Guðmundsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Steinunn Hödd Harðardóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar, Hrafnhildur Ævarsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar og Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs.

### 1. Verkaskipting svæðisráðsfulltrúa Vatnajökulsþjóðgarðs 2020 - 2001002

Verkaskipting í svæðisráði suðursvæðis 2020

- Formaður
- Varaformaður

*Matthildur bauð sig fram sem formaður og Friðrik Jónas bauð sig fram sem varaformaður. Samþykkt.*

### 2. Kynning á starfsemi Suðursvæðis - 2001003

Aðstoðarmenn þjóðgarðsvarðar fara yfir starfsemi á suðursvæði.

*Aðstoðarmenn þjóðgarðsvarðar fóru yfir stöðu á suðursvæði og þá starfsemi sem þar fer fram. Farið var yfir mannauð, gestatölur og helstu verkefni og áskoranir sem framundan eru. Ljóst er örlítil fækkun er í gestakomum milli ára (2018-2019). Fækkunin er þó minni en á landsvísu.*

### 3. Stjórnunar- og verndaráætlun Jökulsárlón og þjóðlendur - 1709003

Fyrir fundinum liggur breyttur listi hagaðila sem boðaðir verða á vinnustofu vegna Stjórnunar og verndaráætlunar fyrir Breiðamerkursand.

*Fyrir fundinum lá fyrir listi hagaðila sem settur var saman fyrir gerð stjórnunar og verndaráætlunar. Ráðgjafarnir óskuðu eftir að gera nokkrar breytingar á listanum til að fá fleiri sjónarmið inn í vinnuna. Svæðisráð samþykkir breytingarnar en leggur áherslu á að fá fólk með breiða yfirsýn á starfsemi á jökli inn í hópinn. Aðstoðarmanni þjóðgarðsvarðar falið að klára vinnuna með ráðgjafahópnum.*

### 4. AP-slys á Breiðamerkurjökli 28.12.19 - 2001001

Tökum fyrir slys á Breiðamerkurjökli 28.12.19

*Svæðisráð lýsir yfir áhyggjum vegna slyss sem varð á Breiðamerkurjökli þann 28. desember 2019, og þeim aðstæðum sem hafa skapast í kringum Íshella og jöklagöngur í vetur. Í ljósi þessa slyss vill svæðisráð hvetja ferðaþjónustufyrirtæki til að fara eftir þeim gæðastöðlum sem þau hafa sett sér og fylgja ströngustu öryggiskröfum sem taki ávallt mið af aðstæðum á jökli hverju sinni. Þeir sem tóku þátt í þessari aðgerð voru sammála um að þennan dag hafi jökullinn verið mjög erfiður yfirferðar sökum mikilla rigninga og ekki á færi nema reyndustu jöklaleiðsögumanna.*

*Svæðisráði hafa einnig borist ábendingar um að dæmi séu um að leiðsögumenn séu með of marga gesti í göngu á Breiðamerkurjökli miðað við aðstæður og öryggisstaðla. Í*

*sértækum gæðaviðmiðum Vakans fyrir íshellaskoðanir kemur eftirfarandi fram:*

*228-1.10 Til eru skrifleg viðmið um fjölda viðskiptavina á leiðsögumann eftir því hverskonar aðstæður eru í hverri ferð. Fjöldi viðskiptavina á leiðsögumann er ekki meiri en:*

- a. 16:1 við leiðsögn á skriðjöklum í tiltölulega greiðfæru landslagi, við bestu aðstæður.*
- b. 8:1 við leiðsögn á skriðjöklum án tæknilegra erfiðleika þar sem viðskiptavinir ganga í línu (að vetrarlagi þar sem snjór er yfir), við bestu aðstæður.*
- c. 6:1 þar sem beita þarf sérstökum klifurútbúnaði og viðskiptavinir eru tengdir í línu (ofanvað/e. toppe), við bestu aðstæður.*
- d. Fjöldi viðskiptavina á leiðsögumann á skriðjöklum tekur mið af erfiðleikum/áhættu þess að fara um tiltekinn jökul og er ákveðinn af yfirleiðsögumanni.*

*Vatnajökulsþjóðgarður er með landverði og annað starfsfólk í vinnu en ekki sérhæfða jöklastarfmenn, því lendar starfsfólk VJB oft í aðstæðum sem það er ekki menntað eða þjálfað í.*

*Svæðisráð ítrekar einnig umgengnisreglur sem ferðapjónustufyrirtæki og Vatnajökulsþjóðgarður komu sér saman um og staðfestu, fyrst í október 2018 og aftur í september 2019. Þar segir meðal annars:*

*„Allir þeir sem koma að málefnum jöklaferða og öðru því tengdu skulu viðhafa kurteisi, heiðarleika og virðingu í öllum samskiptum.“*

*Á þetta við um öll samskipti á svæðinu.*

*Svæðisráð leggur til að stjórn hafi samband við ráðuneytið vegna reglugerðar fyrir atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs.*

Fundi slitið kl. 12:00.

**Fundargerð ritaði:** Steinunn Hödd Harðardóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.